

ERINDISBRÉF

Starfshópur um aðgerðir gegn lóðabraski

Ábyrgðarmaður: Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs

Inngangur:

Í samstarfsyfirlýsingu Samfylkingar, Pírata, Sósíalistaflokksins, Flokks fólksins og Vinstri grænna er kveðið á um eftirfarandi: „Við ætlum að vinna markvisst gegn lóðabraski, til dæmis með því að skoða hvernig megi innleiða tímabundnar uppbyggingarheimildir og takmarka endursöluheimildir lóða.“

Sem hluti af aðgerðaáætlun samstarfsflokka var eftirfarandi tillaga samþykkt þann 4. mars s.l. á þessum grunni: „Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela umhverfis- og skipulagsráði að vinna tillögur að aðgerðum Reykjavíkurborgar gegn lóðabraski með því m.a. að setja ákveðnari ákvæði um tímabindingu uppbyggingarheimilda í skipulagsáætlunum (sbr. grein 37 a í gildandi skipulagslögum), takmarka endursöluheimildir á lóðum í eigu hins opinbera, setja ákveðnari skilmála og tímabindingu í lóðarleigusamninga borgarinnar og tryggja að úthlutun lóða og samvinna um deiliskipulag verði milliliðalaus við byggingaraðilann sjálfan.“

Hlutverk:

Hlutverk hópsins er að greina laga umgjörð og vinna aðgerðir gegn lóðabraski með því meðal annars að leggja grunn að innleiðingu á tímabundnum uppbyggingarheimildum og verklagi í kringum eftirfylgni þeirra. Sömuleiðis að skoða fýsilegar leiðir til takmörkunar á endursöluheimildum lóða í eigu hins opinbera og endurskoða skilmála lóðaleigusamninga. Markmiðið sé að deiliskipulagsvinna skili uppbyggingu frekar en að verða að eign sem gangi kaupum og sölum. Þá skal hópurinn skoða hvort tilefni sé til að eiga samtal við ráðuneyti vegna reglugerðar sem ráðherra hefur heimild til að setja sbr. 37. gr. a skipulagslaga.

Helstu verkefni/viðfangsefni:

- Greina lagaumgjörð
- Vinna tillögur að aðgerðum gegn lóðabraski.
- Leggja grunn að markvissri innleiðingu tímabundinna uppbyggingarheimilda skipulagslaga og verklag í kringum eftirfylgni.
- Skoða fýsilegar leiðir til að takmarka endursöluheimildir lóða í eigu hins opinbera.
- Rýna lóðaleigusamninga og meta þörfina á ákveðnari skilmálum og tímabindingu.
- Stuðla að hröðun uppbyggingar og að skipulagsvinna leiði til uppbyggingar frekar en að verða að eign sem gangi kaupum og sölum.

Starfshópurinn/stýrihópurinn skipa:

Auðun Helgason (formaður), skrifstofa stjórnsýslu og gæða.

Sigríður Maack, skrifstofa skipulags- og byggingarmála

Jóhanna Krístrún Birgisdóttir, skrifstofa borgarstjóra og borgarritara.

Starfsmaður/verkefnisstjóri starfshópsins:

Bjarki Freyr Arngrímsson

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn vinni hagsmunaaðilagreiningu sem síðan verði lögð til grundvallar því samráði og samstarfi sem þarf að hafa vegna vinnu hópsins. Starfshópurinn leiti einnig ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.

Starfstími:

Starfshópurinn skili ábyrgðarmanni kostnaðarmetnum tillögum fyrir lok ágúst 2025.

Reykjavík, 4.6.2025



Ólöf Örvarsdóttir